

**Ed.**

## **9. Frumvarp til laga**

Um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

(Lagt fyrir Alþingi á 64. löggjafarþingi, 1945.)

1. gr.

Við útreikning vísitölunnar 1. október 1945, og þar á eftir, skal aðeins reiknað með því verði á nýju og söltuðu dilkakjöti, hangikjöti og vinnsluvörum úr kjöti, sem talið var í vísitölunni 1. september 1945.

2. gr.

Mismun á útsöluverði og vísitöluverði kjöts þess, er um getur í 1. gr., eiga menn, að undanteknum þeim er í 3. gr. segir, kost á að fá endurgreiddan ársfjórðungslega úr ríkissjóði frá 20. september 1945. Engum verður þó greidd niðurgreiðsla á meira magn en 40 kg á ári fyrir hann sjálfan og hvern mann, sem hann hefur á framfæri sínu.

3. gr.

Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:

1. Þeir, sem hafa sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti.
2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
3. Þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.

4. gr.

Skattanefndir eða skattstjóri í hverju umdæmi semji skrá um alla þá, sem rétt hafa til niðurgreiðslu, og skal skráin miðuð við síðustu skattskrá á hverjum tíma. Synjun skattanefnda eða skattstjóra um upptöku á skrá má áfrýja til yfirskattanefndar, sem kveður upp endanlegan úrskurð þar um.

5. gr.

Ákveða má með reglugerð um alla framkvæmd laga þessara, þar á meðal um fyrirkomulag niðurgreiðslna, ákvæði, er miða til tryggingar því, að þeir, er fá niðurgreiðslur, hafi notað tilsvarendi kjötmagn, og um fyrning á niðurgreiðslukröfu.

6. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum, og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um áhrif kjötverðs á framfærsluvísitölu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórnin telji óhjákvæmilegt að halda niðri framfærsluvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði, en telji hins vegar að eigi sé hægt að greiða uppbætur á landbúnaðarvörur að fullu á þann hátt, er gert hefur verið.

Hefur því þótt rétt að ákveða að reikna ekki með verðhækkun þeirri, sem nú hefur orðið á kjöti og kjötvörum við útreikning framfærsluvísitölunnar, en bæta hins vegar neytendum úr ríkissjóði þá fjárhæð, er þeir greiða meira en þeim bar fyrir það magn af kjöti, sem reiknað er með í vísitölu.

Með því að ég fellst á að brýn nauðsyn sé til þess að lög um þetta efni verði gefin út nú þegar, til þess að þau nái tilgangi sínum, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Við útreikning vísitölunnar 1. október 1945, og þar á eftir, skal aðeins reiknað með því verði á nýju og söltuðu dilkakjöti, hangikjöti og vinnslvörum úr kjöti, sem talið var í vísitölunni 1. september 1945.

2. gr.

Mismun á útsöluverði og vísitöluverði kjöts þess, er um getur í 1. gr., eiga menn, að undanteknum þeim er í 3. gr. segir, kost á að fá endurgreiddan ársfjórðungslega úr ríkissjóði frá 20. september 1945. Engum verður þó greidd niðurgreiðsla á meira magn en 40 kg á ári fyrir hann sjálfan og hvern mann, sem hann hefur á framfæri sínu.

3. gr.

Rétt til niðurgreiðslu samkvæmt 2. gr. hafa þó ekki:

1. Þeir, sem hafa sauðfjárrækt að atvinnu að meira eða minna leyti.
2. Atvinnurekendur, sem hafa 3 menn eða fleiri í þjónustu sinni.
3. Þeir, sem fá laun sín greidd að nokkru eða öllu leyti með fæði.

4. gr.

Skattanefndir eða skattstjóri í hverju umdæmi semji skrá um alla þá, sem rétt hafa til niðurgreiðslu, og skal skráin miðuð við síðustu skattskrá á hverjum tíma. Synjun skattanefnda eða skattstjóra um upptöku á skrá má áfrýja til yfirska-  
tanefndar, sem kveður upp endanlegan úrskurð þar um.

5. gr.

Ákveða má með reglugerð um alla framkvæmd laga þessara, þar á meðal um fyrirkomulag niðurgreiðslna, ákvæði, er miða til tryggingar því, að þeir, er fá niðurgreiðslur, hafi notað tilsvarendi kjötmagn, og um fyrning á niðurgreiðslukröfu.

6. gr.

Brot á lögum þessum, reglugerðum eða öðrum fyrirmælum, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum, og skal farið með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. september 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Pétur Magnússon.